

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 43

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

26.9.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/43/01	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 53/96/COL frá 15. maí 1996 um áttundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”01
96/EES/43/02	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 54/96/COL frá 15. maí 1996 um níundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”07
96/EES/43/03	Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um uppfærslu á auglýsingu um minniháttar samninga frá 12. janúar 199410

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/43/04	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.734 - Melitta/Dow-Newco)11
96/EES/43/05	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.745 - Bayernwerk/Gaz de France)11
96/EES/43/06	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.750 - Ifil/Worms/Saint Louis)12

96/EES/43/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.757 - 3M/Hoechst)	12
96/EES/43/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.758 - Sara Lee/Aoste Holding SA)	13
96/EES/43/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.768 - Lucas/Varity)	13
96/EES/43/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.769 - Norsk Hydro/Arnyca (Enichem Agricoltura))	14
96/EES/43/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.771 - AMB/Rodutch)	14
96/EES/43/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.782 - Swissair/Allders International)	15
96/EES/43/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.789 - Enderly/S.B.E.)	15
96/EES/43/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	16
96/EES/43/15	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt	18
3. Dómstóllinn		
96/EES/43/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	19
96/EES/43/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	21

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 53/96/COL frá 96/EES/43/01 15. maí 1996 um áttundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

Eftirlitsstofnun EFTA hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 6. mars 1996⁽³⁾, svo sem hér segir:

1. Í stað 14. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð komi eftirfarandi:

„14. AÐSTOÐ VEGNA RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR“⁽⁴⁾

14.1. INNGANGUR

- 1) Almennt er viðurkennt að rannsóknir og þróun geti stuðlað að hagvexti, aukinni samkeppnishæfni og betri atvinnuhorfum. Aðilar að EES-samningnum hafa lýst því yfir að eitt af sameiginlegum markmiðum þeirra væri að efla vísindalegan og tæknilegan grundvöll evrópsks iðnaðar og ýta undir samkeppnishæfni hans á alþjóðavettvangi. Í þessu skyni er í VI. hluta samningsins kveðið á um nákvæmt fyrirkomulag sem miðar að því að efla og auka samstarf innan ramma starfsemi bandalagsins meðal annars á sviði rannsókna og tækniþróunar (R&P).
- 2) EFTA-ríkin taka þátt í framkvæmd fjórðu rammaáætlunar bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1994-98) með þátttöku í tilteknum áætlunum. EFTA-ríkin greiða fjárframlög til áætlananna og hafa þar af leiðandi aðgang að öllum þáttum þessara áætlana og taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórn áætlananna. Þegar um samstarfsverkefni er að ræða skulu stofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar EFTA-ríkja hafa sömu réttindi og skyldur, þar með talið í tengslum við nýtingu niðurstaðna, og samstarfsaðilar og mótaðilar í aðildarríkjum EB.
- 3) Ráðstafanir sem gripið er til af aðilum EES-samningsins til stuðnings rannsóknum og þróun verða að samrýmast framkvæmd samningsins. Reglum um ríkisaðstoð í EES-samningnum verður að beita á uppbyggilegan hátt til að hvetja til samstarfs sem ýtir undir þróun og útbreiðslu á nýttækni, jafnframt því að virða hugverkarétt. Við eftirlit með ríkisaðstoð verður að taka tillit til þarfarinnar á að veita fjármagni til þeirra atvinnugreina sem eiga eftir að stuðla að bættri samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar.

- 4) Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið jákvæða afstöðu til ríkisaðstoðar vegna rannsókna og þróunar. Ýmislegt réttlætir þessa jákvæðu afstöðu: markmið slíkrar aðstoðar, veruleg fjárför og áhætta sem oft fylgir rannsóknar- og þróunarstarfsemi, og að teknu tilliti til fjarlægðar slíkra verkefna frá mörkuðum, litlar líkur á að slík aðstoð muni raska samkeppni og viðskiptum.

14.2. GILDISSVIÐ 61. GR. EES-SAMNINGSINS HVAÐ VARDAR AÐSTOÐ VEGNA RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR (R&P)

14.2.1. Skilgreining á stigum R&P

- 1) Því nær markaðinum sem R&P er þeim mun frekar kann ríkisaðstoð að raska samkeppni. Til að ákvarða nálægð R&P sem aðstoðar nýtur við markaðinn, gerir eftirlitsstofnun EFTA greinarmun á grunnrannsóknum, iðnaðarrannsóknum og þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi.
- 2) Eftirfarandi skilgreiningar, sem samsvara skilgreiningunum í samningi Heimsviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, miða að því að auðvelda EFTA-ríkjunum að undirbúa tilkynningar sínar. Þeim er ætlað að vera leiðbeinandi og fela ekki í sér fyriræli.

- Með *grunnrannsóknum* er átt við starfsemi sem stuðlar að aukinni vísinda- og tækniþekkingu án tillits til markmiða tengdum iðnaði eða viðskiptum.

- Með *iðnaðarrannsóknum* er átt við skipulagðar rannsóknir eða gagnrýna könnun sem miðar að því að afla nýrrar þekkingar sem getur nýst við þróun á nýjum vörum, framleiðsluaðferðum eða þjónustu eða til að bæta verulega vörur sem fyrir eru, framleiðsluaðferðir eða þjónustu.

- Með *þróunarstarfsemi* á forsamkeppnisstigi er átt við mótnun áætlunar, fyrirkomulags eða

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 25, 13. 6. 1996, bls. 162.

⁽⁴⁾ Þessi kafli samsvarar rammareglum bandalagsins um ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar (Stjútíð. EB nr. C 45, 17. 2. 1996, bls. 5).

hönnunar úr niðurstöðum iðnaðarrannsókna fyrir nýjar, breyttar eða bættar vörur, framleiðsluáðferðir eða þjónustu, hvort sem þær eru ætlaðar til sölu eða notkunar, að meðtalinni gerð fyrstu frumgerðar sem ekki er unnt að nota í viðskiptum. Þetta getur einnig tekið til framsetningar á hugmyndum og hönnunar á öðrum vörum, framleiðsluáðferðum eða þjónustu og upphaflegra sýniverkefna eða tilraunaverkefna, að því tilskildu að ekki sé unnt að umbreyta eða nýta slík verkefni í iðnaði eða í viðskiptum. Þetta tekur ekki til eðlilegra eða reglubundinna breytinga á vörum, framleiðslulínum, framleiðsluáðferðum, fyrirbyggjandi þjónustu eða annarrar starfsemi sem verið er að þróa, jafnvel þótt slíkar breytingar séu til bóta.

- 3) Nýsköpun fellur ekki undir sérstakan flokk af R&D. Starfsemi sem telja má til nýsköpunar sem samsvarar ekki flokkunum í 2. mgr. í 14.2.1. getur aðeins notið ríkisaðstoðar ef hún er í samræmi við stefnu eftirlitsstofnunar EFTA um fjárfestingaraðstoð.

14.2.2. R&D á vegum opinberra rannsóknastofnana og R&D-samningar

- 1) Opinber fjármögnun á R&D-starfsemi á vegum opinberra æðri menntastofnana eða rannsóknastofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni fellur alla jafna ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 2) Þegar niðurstöður R&D-verkefna, sem fjármöggnuð eru af hinu opinbera og unnin af slíkum stofnunum, eru látnar evrópskum iðnaði í té án mismununar mun eftirlitsstofnun EFTA gera ráð fyrir að ekki sé að öllu jöfnu um að ræða ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 3) Þegar opinberar æðri menntastofnanir eða rannsóknarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni annast R&D fyrir eða í samvinnu við iðnaðinn mun eftirlitsstofnun EFTA gera ráð fyrir að ekki sé um að ræða ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, annaðhvort:
- a) ef framlag opinberu æðri menntastofnananna eða rannsóknastofnananna sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni til rannsóknarverkefnisins er með sama hætti og ef um væri að ræða viðskiptafyrirtæki, þ.e. gegn greiðslu á markaðsverði fyrir þjónustuna sem hún veitir;
- b) eða
- ef iðnfyrirtæki sem taka þátt í rannsókninni bera allan kostnað af verkefninu, eða

- ef heimilt er að dreifa niðurstöðunum sem ekki falla undir hugverkarétt og ef hugverkarétti í tengslum við R&D-niðurstöðurnar er úthlutað að fullu til opinberra stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, eða

- ef opinberu stofnanirnar sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni fá bætur frá samstarfsaðilum í iðnaði sem samsvara markaðsvirði fyrir hugverkarétt sem leiðir af rannsóknarverkefninu og er í höndum þessara iðnaðarsamstarfsaðila og ef heimilt er að dreifa niðurstöðum sem ekki falla undir hugverkarétt til þriðju aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

- 4) Opinber yfirvöld geta leitað til fyrirtækja til að láta þau vinna að R&D eða keypt niðurstöður R&D beint frá þeim. Ef ekkert almennt útbod fer fram mun eftirlitsstofnun EFTA gera ráð fyrir að um ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins geti verið að ræða. Ef þessum samningum er úthlutað samkvæmt markaðsskilmálum, einkum eftir almennt útbod í samræmi við gerðina sem um getur í lið 5b í XVI. viðauka við EES-samninginn⁽¹⁾, mun alla jafna vera gert ráð fyrir að ekki sé um að ræða ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. í EES-samningnum.

14.3 MAT Á AÐSTOÐ VEGNA R&D SAMKVÆMT 61. GR. EES-SAMNINGSINS

- 1) Aðstoð við fyrirtæki vegna R&D sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þarf þar af leiðandi að sæta skoðun af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA, getur talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins samkvæmt einu af undanþáguákvæðunum í 3. mgr. 61. gr.
- 2) Í öllum tilvikum þar sem eftirlitsstofnun EFTA kemst að lokinni rannsókn að þeirri niðurstöðu að markmið viðkomandi aðstoðar sé að stuðla að framkvæmd mikilvægs verkefnis sem varðar sameiginlega evrópska hagsmuni, getur slík aðstoð notið undanþágu samkvæmt b-lið 3. mgr. 61. gr.
- 3) Sýna verður fram á sameiginlega evrópska hagsmuni á raunhæfan hátt: til dæmis verður að sanna að verkefnið hafi meiriháttar yfirburði fram yfir tiltekna R&D-áætlanir Evrópubandalagsins eða evrópskar R&D-áætlanir.
- 4) Til þessa hefur framkvæmdastjórn EB beitt undanþáguákvæði b-liðar 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans (sem samsvarar b-lið 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum) í fáum tilvikum. Komið hefur í ljós að í tengslum við R&D er einkum hægt að beita þessari undanþágu gagnvart fjölbjóðlegum verkefnum sem vegna eðlis og, að meginreglu til, umfangs, eru mjög mikilvæg (t.d.

(1) Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útbod og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu (Stjtíð. EB nr. L 209, 24. 7. 1992).

verkefnum sem tengjast skilgreiningu á iðnaðarstöðlum sem gætu gert evrópskum iðnaði kleift að tryggja að fullu ávinninginn sem leiðir af innri markaðinum og EES-samningnum).⁽¹⁾

- 5) Þrátt fyrir að ríkisaðstoð vegna R&Ð uppfylli ekki kröfur um undanþágu samkvæmt b-lið 3. mgr. 61. gr. kann hún samt að samrýmast EES-samningnum í ljósi c-liðar 3. mgr. 61. gr. sem kveður á um undanþágu fyrir aðstoð sem greiðir fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 6) Þegar eftirlitsstofnun EFTA kannar hvort unnt sé að beita c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, tekur hún sérstaklega mið af því hvers konar rannsóknir eru framkvæmdar, styrkþegum, umfangi aðstoðar, aðgengi niðurstaðna og annarra atriða sem máli skipta og um getur í þáttum 14.5 til 14.7.

14.4. SÉRSTAKAR TILKYNNINGARKRÖFUR

- 1) Tilkynna ber ríkisaðstoð vegna R&Ð til eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. I. viðauki við þessar leiðbeiningar hefur að geyma skrá yfir upplýsingar sem leggja verður fram í tilkynningum um ríkisaðstoð. Í II. hluta I. viðauka eru viðbótarupplýsingar sem þurfa að koma fram varðandi aðstoð vegna R&Ð. Enn fremur eru viðbótarkröfur taldar upp í 8. lið 14.4. hér á eftir fyrir meiriháttar R&Ð-verkefni og í 6. og 7. lið 14.4. er kveðið á um undanþágu frá almennu reglunni varðandi tilkynningu um aukin fjárframlög til og framlengingu á fyrirbyggjandi aðstoðaráætlunum.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að gera framkvæmd aðstoðaráætlana eins gagnsæja og mögulegt er. Þetta þýðir að gera verður skýra grein fyrir markmiðum sem stefnt er að, styrkþegum o.s.frv. Tilgreina þarf alla útgjaldaliði sem aðstoðin á að lækka og hana verður að veita þannig að hægt sé að reikna út styrkleika aðstoðarinnar í samhengi við kostnaðinn, eins og greint er frá í þætti 14. 6 hér á eftir.
- 3) Ef um er að ræða R&Ð-verkefni má leyfa allar tegundir aðstoðar. EFTA-ríkin verða þó að gera eftirlitsstofnun EFTA kleift að reikna út styrksígildi aðstoðarinnar sé ekki um beinan styrk að ræða og veita fullnægjandi upplýsingar í því skyni.
- 4) Ef EFTA-ríki telur að b-liður 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum gildi verður það að ganga úr skugga um að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt og sýna eftirlitsstofnun EFTA fram á að svo sé í tilkynningu sinni.
- 5) Ákvæði 11. kafla í þessum leiðbeiningum um flýtimeðferð á nýjum aðstoðaráætlunum fyrir LMF og

⁽¹⁾ Þannig hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að telja ákveðin EUREKA-verkefni á sviði rafeindaiðnaðar (ESB 127 JESSI, ESB 102 EPROM, ESB 147 DAB, ESB 43 ESF) eða háskerpusjónvarp (ESB 95 HDTV) til verkefna sem varða sameiginlega evrópska hagsmuni.

um breytingar á fyrirbyggjandi áætlunum gilda að öllu leyti um ríkisaðstoð vegna R&Ð, líkt og reglan um minniháttar aðstoð sem kveðið er á um í 12. kafla í þessum leiðbeiningum.

- 6) Eftirlitsstofnun EFTA telur einnig að ekki sé nauðsynlegt að tilkynna um hækkun (í ECU) á árlegri fjárhagsáætlun fyrir heimilaða R&Ð-áætlun ef hún nemur ekki meira en 100% (að nafnvirði) af fyrstu ársupphæð, að því tilskyldu að áætlunin gildi um ótakmarkaðan tíma eða að aukningin eigi sér stað á gildistíma tímabundinnar áætlunar.
- 7) Framlengingar með eða án hækkunar á fjárhagsáætlun (allt að 100% mörkunum sem um getur hér að framan), án breytinga á framkvæmdaskilmálum aðstoðaráætlana sem áður hafa verið samþykktar og í samræmi við þessar reglur þarf eingöngu að tilkynna aftur fimm árum eftir að gildistími upphaflegu áætlunarinnar rennur út. Þó eru EFTA-ríkin skuldbundin til að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA fyrirfram um slíka endurfjármögnun/framlengingu og til að halda áfram að senda henni ársskýrslu um framkvæmd umræddra áætlana.
- 8) Einstakar styrkveitingar samkvæmt R&Ð-aðstoðaráætlun sem eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt þarf í grundvallaratriðum ekki að tilkynna. En til þess að eftirlitsstofnun EFTA geti metið umtalsverðar styrkfjárhæðir innan ramma samþykktara áætlana og hvort slík aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins krefst hún að tilkynnt sé fyrirfram um einstök rannsóknarverkefni sem kosta meira en 25 milljón ECU (30 milljón ECU fyrir EUREKA-verkefni⁽²⁾) og ef áformað er að veita aðstoð sem að brúttóstyrksígildi nemur meira en 5 milljón ECU.
- 9) Einstakar styrkveitingar utan ramma heimilaðra R&Ð-áætlana skal tilkynna á venjulegan hátt samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól nema um sé að ræða styrki sem falla undir regluna um minniháttar aðstoð.

14.5. STYRKLEIKI AÐSTOÐAR

14.5.1. Grundvallarreglur

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA ákveður leyfilegan styrkleika aðstoðar í hverju tilviki fyrir sig. Við sérhvert mat tekur stofnunin mið af eðli verkefnisins eða áætlunarinnar, almennum sjónarmiðum um samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, áhættu á röskun á samkeppni og áhrifum á viðskipti milli samningsaðilanna. Á grundvelli almenns mats á slíkri áhættu telur eftirlitsstofnun EFTA að grundvallarrannsóknir og iðnaðarrannsóknir geti átt tilkall til meiri aðstoðar en þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi sem er nátengdari markaðssetningu á R&Ð-niðurstöðum og, ef styrkt, kunni frekar að leiða til röskunar á samkeppni og viðskiptum.

⁽²⁾ Stofnunin hefur í hyggju að breyta síðar tilkynningarfyrikomulaginu hvað varðar EUREKA-verkefni og kann að leggja til viðeigandi ráðstafanir í því skyni.

- 2) Opinber fjármögnun grunnrannsókna sem alla jafna eru unnar sjálfstætt af æðri mennta- eða rannsóknastofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni fellur ekki undir ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 3) Í undantekningartilvikum falla grunnrannsóknir sem eru unnar af eða fyrir fyrirtæki undir 1. mgr. 61. gr. í EES-samningnum, en þar sem þessi tegund rannsókna er langt frá markaðinum og niðurstöður í grundvallaratriðum almennt aðgengilegar til hagnýtingar án mismununar og á markaðskjörum er unnt að veita allt að 100% brúttóstyrk.
- 4) Til þess að teljast til grunnrannsókna má starfsemin ekki tengjast iðnaðarlegum eða viðskiptalegum markmiðum einstaks fyrirtækis og tryggja verður víðtæka útbreiðslu á niðurstöðum rannsóknanna.
- 5) Almenna reglan er sú að brúttóstyrkleiki aðstoðar til iðnaðarrannsókna megi alla jafna ekki nema meira en 50% af kostnaði við verkefnið (eins og skilgreint er í 14.6. hér að neðan).
- 6) Tæknilegar forkannanir sem gerðar eru á undan iðnaðarrannsóknum geta átt tilkall til aðstoðar sem nemur allt að 75% af könnunarkostnaðinum, meðan kannanir sem fara á undan þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi geta átt tilkall til styrks sem nemur allt að 50% af könnunarkostnaði og er þá tekið mið af því að lítil hætta er á að slík aðstoð raski samkeppni eða viðskiptum.
- 7) Þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi er nátengd markaðinum og það er meiri hætta á að slík aðstoð raski samkeppni og viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu. Leyfilegur brúttóstyrkleiki aðstoðar vegna slíkrar starfsemi er 25% af þeim kostnaði sem kemur til greina (eins og skilgreint er í þætti 14.6. hér á eftir).

14.5.2. Styrkleiki í tilteknum sértilvikum

- 1) Eins og kveðið er á um í 3. lið í 14.4. hér að framan er EFTA-ríkjunum frjálst að beita öllum tegundum aðstoðar til að styðja R&D. Þegar um er að ræða aðstoð sem eingöngu þarf að endurgreiða ef rannsóknarstarfsemin skilar árangri er leyfilegur styrkleiki aðstoðar (miðað við brúttóstyrksígildi) sá sem kveðið er á um í þessum leiðbeiningum fyrir mismunandi rannsóknarstig. Ef rannsóknin skilar ekki árangri getur eftirlitsstofnun EFTA heimilað aukinn styrkleika aðstoðar þar sem minni hætta er á að misheppnað verkefni leiði til röskunar á samkeppni og viðskiptum.
- 2) Þegar EFTA-ríkin tilkynna aðstoð sem þarf að endurgreiða verða þau að láta eftirlitsstofnun EFTA vita um fjárhæðir sem á að endurgreiða og gera skýra grein fyrir hvernig staðið skuli að endurgreiðslu þannig að stofnunin geti metið skilyrðin í hverju tilviki fyrir sig.

- 3) Til að stuðla að dreifingu á niðurstöðum rannsókna telur eftirlitsstofnun EFTA að veita megi jafnmikla aðstoð til stuðnings umsóknum LMF (eins og skilgreint er í 10. kafla þessara leiðbeininga) um einkaleyfi og endurnýjanir á einkaleyfum og veitt er til rannsóknarstarfseminnar sem upphaflega leiddi til þessara einkaleyfa.
- 4) Ef um er að ræða ríkisaðstoð vegna R&D-verkefnis sem unnið er í samvinnu opinberra rannsóknastofnana og fyrirtækja má samanlögð aðstoð, í formi beins ríkisstyrks til sérstaks rannsóknarverkefnis, og framlaga opinberra rannsóknastofnana, svo fremi þessi framlög fela í sér aðstoð (sjá 1. til 3. lið í 14.2.2. hér að framan), til sama verkefnis ekki fara yfir framannefnd hámarksþrep aðstoðar.
- 5) Ef um er að ræða R&D sem tekur til iðnaðarrannsókna og þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi, má leyfilegur styrkleiki aðstoðar alla jafna ekki fara yfir vegið meðaltal af leyfilegum styrkleika aðstoðar sem gildir um þessar tvær tegundir rannsókna.

14.5.3. Viðbætur við grunnstyrkleika

- 1) Með fyrirvara um mat sem alla jafna mun fara fram í einstökum tilvikum, sbr. 1. lið í 14.5.1. má fara fram yfir styrkleika aðstoðar sem tilgreindur er í 5. lið í 14.5.1. til 4. liðar í 14.5.2. í eftirfarandi tilvikum:
 - Ef aðstoðin er veitt til LMF⁽¹⁾: 10 prósentustig til viðbótar,
 - Ef rannsóknarverkefnið er unnið á svæði sem fellur undir a-lið 3. mgr. 61. gr.: 10 prósentustig til viðbótar,
 - Ef rannsóknarverkefnið er unnið á svæði sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr.: 5 prósentustig til viðbótar.
- 2) Fara má fram úr þessum svæðisbundnu umframstyrkjum, að teknu tilliti til hámarksþrepa sem eiga við um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð og þess að þörf er á að stuðla að óefnislegum fjárfestingum án þess þó að farið sé yfir mörkin sem kveðið er á um í 7. lið í 14.5.3. hér á eftir.
- 3) Ef rannsóknarverkefnið er í samræmi við markmið sérstaks verkefnis eða áætlunar sem er hluti af gildandi rammaverkefni Evrópubandalagsins fyrir R&D mun það eiga tilkall til 15 prósentustiga til viðbótar.
- 4) Þessa viðbót má hækka upp í 25 prósentustig ef verkefnið tekur einnig til samstarfs fyrirtækja og opinberra rannsóknastofnana á milli landa eða samstarfs að minnsta kosti tveggja óháðra aðila í tveimur ríkjum

(1) Sjá skilgreiningu í þætti 10.2. í þessum leiðbeiningum.

sem eiga aðild að EES-samningnum, að því tilskyldu að niðurstöðunum sé dreift víða og þær birtar, jafnframt því að tekið sé tillit til höfundarréttar og hugverkaréttar á sviði iðnaðar.

- 5) Ef rannsóknarverkefni er ekki í samræmi við markmið sérstaks verkefnis eða áætlunar sem unnin er sem hluti af gildandi rammaverkefni Evrópubandalagsins fyrir R&D, mun eftirlitsstofnun EFTA leyfa aukningu sem nemur allt að 10 prósentustigum að því tilskildu að minnsta kosti einu af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) að verkefnið taki til raunverulegs samstarfs á milli landa að minnsta kosti tveggja óháðra aðila í tveimur ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum, einkum í tengslum við samræmingu á innlandri stefnumótun á sviði RTP,
- b) að verkefnið taki til raunverulegs samstarfs milli fyrirtækja og opinberra rannsóknastofnana, einkum í tengslum við samræmingu á innlandri stefnumótun á sviði RTP,
- c) að niðurstöðum verkefnisins sé dreift víða og þær birtar, einkaleyfi séu veitt eða gripið sé til annarra viðeigandi ráðstafana við sambærileg skilyrði og gilda um dreifingu niðurstaðna RTP í Evrópubandalaginu.

- 6) Viðkomandi EFTA-ríki verða að veita eftirlitsstofnun EFTA fullnægjandi upplýsingar svo hún geti metið hvort þessum viðmiðum hafi verið fullnægt.

- 7) Samanlagðar hækkanir sem lýst er í 1. til 5. lið í 14.5.3. og prósentustig sem tilgreind eru í 5. lið í 14.5.1. og 4. lið í 14.5.2 mega ekki fara yfir 75% af hámarksbrúttóstyrk fyrir iðnaðarrannsóknir og 50% fyrir þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi. Þessi mörk ber að virða í öllum tilvikum.

14.5.4. Beiting hámarksaðstoðar samkvæmt reglum Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO)

- 1) Ef ríkisaðstoð vegna R&D fellur undir undanþáguákvæðið í b-lið 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum má brúttóstyrkleiki aðstoðarinnar ekki fara yfir leyfilegt hámark samkvæmt styrkjareglum WTO (75% fyrir iðnaðarrannsóknir og 50% fyrir þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi).
- 2) Hámarksþepin sem kveðið er á um hér að framan vegna aðstoðar á sviði R&D gilda um ríkisaðstoð. Þó verður eftirlitsstofnun EFTA við rannsókn á R&D-aðstoð að taka mið af áhrifum á samkeppni og viðskipti þegar um er að ræða sameinaða ríkisaðstoð og fjármögnun sem fæst með þátttöku EFTA-ríkja í áætlunum

Evrópubandalagsins, skv. VI. hluta og bókunum 31 og 32 í EES-samningnum. Þegar gert er ráð fyrir slíkri sameiginlegri fjármögnun er veita á nýja aðstoð skulu EFTA-ríkin greina frá því í tilkynningum sínum til eftirlitsstofnunar EFTA, jafnt og um ráðstafanir til að tryggja að ekki sé farið yfir heildaraðstoðarhámark í hverju tilviki.

- 3) Fari sameiginleg fjármögnun samkvæmt 2. lið í 14.5.4. og ríkisaðstoð saman má samanlagður opinber stuðningur ekki fara yfir 75% þegar um er að ræða iðnaðarrannsóknir og 50% er um er að ræða þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi.
- 4) Heimila má 75% brúttóstyrkleika til iðnaðarrannsókna og 50% til þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi (leyfilegur hámarksstyrkleiki samkvæmt samningi Heimsviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir sem ekki er hægt að grípa til aðgerða gegn) ef sambærileg verkefni eða áætlanir samkeppnisaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins hafa á síðustu þremur árum þegið aðstoð eða eiga von á aðstoð af sambærilegum styrkleika til þessara rannsóknaflokka.
- 5) Viðkomandi EFTA-ríki mun sjá eftirlitsstofnun EFTA fyrir fullnægjandi upplýsingum svo hún geti metið stöðuna, einkum vegna þarfarinnar á að veita upp á móti samkeppnisyfirburðum samkeppnisaðila í þriðja landi.

14.6. RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARKOSTNAÐUR SEM MÁ NOTA VIÐ ÚTREIKNING Á STYRKLEIKA AÐSTOÐAR

- 1) Eftirfarandi kostnaður kemur til greina við útreikning á styrkleika aðstoðar við R&D (stafi hann einnig af annarri starfsemi, einkum öðrum R&D-verkefnum, verður að sundurliða hann eftir því um hvaða starfsemi er að ræða):
 - launakostnaður (rannsóknarmenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk sem eingöngu er ráðið vegna rannsóknarstarfseminnar),
 - kostnaður vegna tækja, búnaðar, lands og húsnæðis sem eingöngu og óslitið er notað vegna rannsóknarstarfseminnar (nema hún sé flutt af viðskiptalegum ástæðum),
 - kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem eingöngu er nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina, þar með taldar aðkeyptar rannsóknir, tækniþekking, einkaleyfi, o.s.frv.,
 - tilfallandi viðbótarkostnaður sem leiðir beint af rannsóknarverkefninu,
 - annar rekstrarkostnaður (þ.e. kostnaður vegna efnis, birgða og sambærilegs varnings) sem

beinlínis hefur fallið til vegna rannsóknarstarfseminnar.

14.7. HVATNINGARÁHRIF R&Ð-ADSTOÐAR

- 1) Ríkisaðstoð vegna R&Ð á að hvetja fyrirtæki til að takast á hendur R&Ð-verkefni, til viðbótar við venjubundinn daglegan rekstur. Hún á einnig að hvetja fyrirtæki sem ekki fást við rannsóknir og þróun að takast slíkt á hendur. Ef þessi hvatningaráhrif eru ekki auðsæ kann eftirlitsstofnun EFTA að taka neikvæðari afstöðu til slíkrar aðstoðar en ella.
- 2) Til að ganga úr skugga um að áformuð aðstoð hvetji fyrirtæki til rannsóknarstarfsemi sem þau annars myndu ekki sinna verður eftirlitsstofnun EFTA að taka sérstakt tillit til mælanlegra þátta (svo sem breytinga á útgjöldum til R&Ð, fjölda þeirra sem fást við R&Ð-verkefni og hlutfalls R&Ð-útgjalda af heildarveltu), markaðsbresta, viðbótarkostnaðar í tengslum við millilandasamvinnu og annarra viðeigandi þátta sem EFTA-ríkið sem samdi tilkynninguna tiltók. Einnig er hægt að leyfa fyrirhugaða aðstoð stuðli hún að því að auka umfang rannsóknarinnar eða hraða henni.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA hvetur EFTA-ríkin því til að sýna fram á að aðstoðin sé nauðsynleg sem hvati til rannsóknarstarfsemi og að hún sé á engan hátt rekstraraðstoð, bæði þegar þau tilkynna R&Ð-aðstoð og þegar þau skila ársskýrslum um framkvæmd aðstoðaráætlana sem hafa hlotið samþykki.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA getur metið að aðstoð sé nægileg hvatning ef styrkþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki í skilningi 10. kafla þessara leiðbeininga.

5) Eftirlitsstofnun EFTA mun leggja sérstaka áherslu á skilyrðin í 2. og 3. lið í 14.7.:

- þegar um er að ræða einstök rannsóknarverkefni sem eru nálægt markaðinum og stór fyrirtæki ætla að takast á hendur;
- í öllum tilvikum þegar lagt hefur verið í verulegan hluta R&Ð-kostnaðar áður en sótt er um aðstoð.

14.8. ÁRSSKÝRSLUR

- 1) Fyrir hverja heimilaða aðstoðaráætlun mun eftirlitsstofnun EFTA alla jafna fara fram á ársskýrslu um framkvæmd hennar. Á grundvelli þessara skýrslna getur stofnunin haft eftirlit með úthlutun aðstoðarinnar og ef nauðsyn krefur lagt til viðeigandi ráðstafanir telji hún að áætlunin raski eða kunni að raska samkeppni þannig að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, t.d. vegna of mikillar áherslu á tiltekna atvinnugrein eða fyrirtæki.
- 2) Þessar skýrslur verða að vera í samræmi við kröfurnar í III. og IV. viðauka þessara leiðbeininga.

14.9. FRAMKVÆMD OG GILDISTÍMI

- 1) Ríkisaðstoð í tengslum við R&Ð-starfsemi vegna skipasmíða og viðgerða fellur undir reglur sem kveðið er á um í gerðinni um aðstoð til skipasmíða sem vísað er til í XV. viðauka við EES-samninginn.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA mun endurskoða þessar reglur eftir fimm ár. Hún getur einnig ákveðið að breyta þeim hvenær sem er í samráði við EFTA-ríkin, ef nauðsyn krefur vegna stefnu í samkeppnismálum eða til að taka mið af þróun í Evrópusambandinu.”

Gjört í Brussel 15. maí 1996

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Knut ALMESTAD

Forseti.

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 54/96/COL frá 96/EES/43/02
15. maí 1996 um níundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna
á sviði ríkisaðstoðar”

Eftirlitsstofnun EFTA hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 15. maí 1996⁽³⁾, svo sem hér segir:

1. Í stað 12. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð komi eftirfarandi:

„12. BEITING REGLUNNAR UM MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ⁽⁴⁾

12.1. REGLAN UM MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að aðstoð undir ákveðinni fjárhæð teljist ekki hafa marktæk áhrif á viðskipti og samkeppni milli samningsaðilanna. Því má segja að 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gildi ekki og tilkynningar sé ekki þörf vegna styrkgreiðslna eins og skilgreint er hér á eftir.
- 2) Einstakar styrkveitingar allt að 100 000 ECU til eins fyrirtækis og áætlanir þar sem aðstoðin sem tiltekið fyrirtæki getur fengið á þriggja ára tímabili er takmörkuð við þessa upphæð þarf ekki að tilkynna samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því gefnu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt.
- 3) Þriggja ára tímabilið sem þetta hámark á við um telst byrja daginn þegar fyrirtækið fékk fyrst aðstoð samkvæmt reglunni um minniháttar aðstoð.
- 4) Hámarkið fyrir minniháttar aðstoð gildir um samanlagða opinbera aðstoð sem telst minniháttar aðstoð og hefur ekki áhrif á möguleika viðtakanda á að fá frekari aðstoð samkvæmt áætlunum sem samþykktar eru af eftirlitsstofnun EFTA.
- 5) Hámarkið gildir um alla aðstoð sem innlend yfirvöld, sveita- og bæjarstjórnir veita, og allar tegundir aðstoðar, óháð því í hvaða mynd hún er veitt eða í hvaða tilgangi, að undantekinni útflutningsaðstoð sem er útilokuð frá reglunni um minniháttar aðstoð⁽⁵⁾.
- 6) Reglan um minniháttar aðstoð mun aðallega nýtast litlum og meðalstórum fyrirtækjum þrátt fyrir að hún gildi óháð stærð móttakanda. Reglan gildir ekki um stáliðnað sem fellur undir sáttmála KSE, né um skipasmíðar eða flutninga.

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 245, 26. 9. 1996 og þetta hefti af EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins, bls. 1.

⁽⁴⁾ Þessi kafli samsvarar tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um regluna um minniháttar aðstoð vegna ríkisaðstoðar (Stjtið. EB nr. C 68, 6. 3. 1996).

12.2. MEGINREGLUR UM ÚTREIKNING Á REIÐU-FJÁRÍGILDI MINNIHÁTTAR AÐSTOÐAR

- 1) Hámarkið samkvæmt reglunni um minniháttar aðstoð er sett fram sem 100 000 ECU reiðufjárstyrkur. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en styrk ber að umreikna hana í reiðufjárígildi til að finna út hámarkið samkvæmt reglunni um minniháttar aðstoð. Af öðrum tegundum aðstoðar að lágu reiðufjárvirði eru mjúk lán, skattaávilnanir og lánsábyrgðir algengust. Slíka aðstoð skal umreikna í reiðufjárígildi á eftirfarandi hátt.
- 2) Reiðufjárígildi styrks ber að reikna brúttó, þ.e. fyrir skatt ef aðstoðin er skattskyld. Ef hún er ekki skattskyld, svo sem á við um ýmsar skattaávilnanir, þá ber að telja nafnvirði aðstoðarinnar sem er bæði brúttó og nettó.
- 3) Alla væntanlega aðstoð á að reikna til núvirðis. Vextirnir sem eru notaður skulu vera þeir viðmiðunarvextir sem gilda á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt. Þó ber að líta á reiðufjárstyrk sem eingreiðslu, jafnvel þó hann sé greiddur með afborgunum.
- 4) Reiðufjárígildi mjúks láns á tilteknu ári telst vera mismunurinn á þeim vöxtum sem greiða ætti miðað við viðmiðunarvexti og þeirra vaxta sem greiddir eru í raun. Alla þá vexti sem sparast þar til lánið hefur verið að fullu endurgreitt ber að reikna til núvirðis á þeim tíma þegar lánið er veitt og síðan leggja saman. Dæmi um hvernig reikna skuli reiðufjárígildi mjúks láns er sýnt í þætti 12.4.
- 5) Reiðufjárígildi skattaávilnunar er sá sparnaður í skattgreiðslum sem verður á viðkomandi ári. Á sama hátt ber að reikna skattasparnað í framtíðinni til núvirðis með viðkomandi viðmiðunarvöxtum.
- 6) Hvað varðar lánsábyrgðir má reikna reiðufjárígildið fyrir tiltekið ár annaðhvort:
 - á sama hátt og reiðufjárígildi mjúks láns, að frádregnum greiddum ábyrgðargjöldum, þar sem vaxtastyrkur er mismunurinn á viðmiðunarvöxtum og vöxtum sem fást vegna ríkisábyrgðar (ef hætta á greiðslufalli er sérstaklega mikil, t.d. vegna slæmrar fjárhagsstöðu eða takmarkaðs lánstrausts styrkþegans, skorts á tryggingu eða vegna skilmála sem tengjast sjálfri ábyrgðinni, verður að meta notkun þessa valmöguleika í ljósi

⁽⁵⁾ Með „útflutningsaðstoð” er átt við hvers konar aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, uppsetningu og rekstri dreifingarkerfis eða daglegum útgjöldum vegna útflutningsstarfseminnar. Hugtakið tekur ekki til aðstoðar vegna kostnaðar við þátttöku í vörusýningum eða rannsóknum eða ráðgjafarþjónustu til að koma nýrri eða fyrirleggjandi vöru á nýja markaði.

annarra viðeigandi reglna sem gilda í slíkum tilvikum), eða

- sem mismuninn á a) útistandandi fjárhæð sem tryggð er margfaldaðri með áhættuþættinum (líkindum á greiðslufalli) og b) greiddum ábyrgðargjöldum, þ.e.

(tryggð fjárhæð x áhættuþáttur) - ábyrgðargjald.

Áhættuþátturinn á að endurspegla reynslu af greiðslufalli á lánum sem veitt hafa verið við sambærilegar aðstæður (atvinnugrein, stærð fyrirtækis, almennt atvinnustig). Reikningur til núvirðis skal vera eins og áður er lýst.

12.3. EFTIRLIT EFTA-RÍKJANNA MEÐ REGLUNNI UM MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA ber að ganga úr skugga um að EFTA-ríkin veiti fyrirtækjum ekki aðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins⁽¹⁾. EFTA-ríkin eru skuldbundin til að auðvelda framkvæmd þessa verkefnis með því að koma á fót kerfi til að tryggja að heildarfjárhæð aðstoðar fari ekki fram úr 100 000 ECU á þriggja ára tímabili í því tilviki að sami styrkþegi nýtur aðstoðar samkvæmt aðskildum ráðstöfunum sem allar falla undir regluna um minniháttar aðstoð. Einkum verður í sérhverri ákvörðun um veitingu minniháttar aðstoðar og í reglum sérhverrar áætlunar þar sem kveðið er á um aðstoð af þessu tagi að taka skýrt fram að sérhver viðbótarstyrkur sem sami styrkþegi fær samkvæmt reglunni um minniháttar aðstoð megi ekki leiða til þess að minniháttar aðstoð sem fyrirtækið fær alls fari yfir 100 000 ECU mörkin á þriggja ára tímabili. Kerfið sem sett er á fót verður einnig að gera EFTA-ríkjunum kleift að svara öllum fyrirspurnum eftirlitsstofnunar EFTA.

12.4. ÚTREIKNINGUR Á REIÐUFJÁRIGILDI MJÚKS LÁNS

- 1) Eftirfarandi er dæmi um hvernig hægt er að reikna út reiðufjárígildi mjúks láns.
